



## Öryrkjabandalag Íslands

Hátúni 10, 105 Reykjavík  
Sími: 91-26700, Fax: 91-622516

Menntamálanefnd Alþingis,  
Alþingi, 150 Reykjavík.

Alþingi

Erindi nr. P 119 / 624  
Alþingi

Komudagur 23 / 12 / 1994

Reykjavík, 7. desember 1994

Heiðraða nefnd,

Öryrkjabandalag Íslands þakkar menntamálanefnd Alþingis fyrir að gefa því tækifæri til að fjalla um frumvarp til laga um grunnskóla 126. mál þessa löggjafarþings.

Öryrkjabandalagið vill benda á að hér er um mjög veigamikla breytingu að ræða og skiptir afar miklu hversu til tekst um alla framkvæmd. Bandalagið lætur í ljós efasemdir um að svo hafi nægilega verið að þessu máli unnið að tímabært sé að hrinda þessari breytingu í framkvæmd á næsta ári. Margt bendir til þess að vandaðri undirbúningur verði að hafa enda hafa sterkar efasemdir bæði frá kennurum og sveitarstjórnarmönnum komið fram. Þetta vitum við að heiðruð þingnefnd mun fhuga vel áður en til afgreiðslu kemur.

Það er ótvíræð staðreynd að sveitarfélögin í landinu eru afar misjafnlega í stakk búin til að taka við þessu verkefni og ekki hvað síst á það við um alla sérkennslu, sem er viðbót við venjubundna kennslu. Það hlýtur að vera ærið áhyggjuefni á okkar vettvangi.

Þetta ásamt fleiru ótöldu veldur því að uppi eru miklar efasemdir í okkar röðum um það hversu tímabær þessi flutningur sé nú með ekki lengri fyrirvara.

Öryrkjabandalag Íslands treystir því að hér verði ekki rasað um ráð fram og væntir þess fastlega að fá við betri aðstæður með lengri tímafresti tækifæri til yfirferðar á einstökum atriðum frumvarpsins.

Eðlilega hefur hér verið staldrað við 37. og 38. gr. frv. þ.e. um sérstakan stuðning í námi og sérskóla.

Markmiðsákvæði frumvarpsins eru skýr og ekki gerðar athugasemdir við þau, enda gengið út frá að þörf ráði framboði á stuðningi við nemendur sem örðugast eiga. Meginmálið snýr hinsvegar að tvennu:

Annars vegar því út frá hvaða forsendum varðandi sérkennslukvóta verður gengið í yfirfærslunni frá ríki til sveitarfélaga m.a. með tilliti til ákveðins samdráttar að undanfögnu þ.e. hvort gengið verður út frá vitaðri þörf sem ekki er fullnægt sem skyldi í dag eða hvort miðað verður við óbreytt ástand sem í dag er um margt óviðunandi. Hætt er við að framhald mála fari víða eftir viðmiðun upphafsins.

Hinsvegar því hversu sveitarfélögin verða í stakk búin til að taka við þessu viðkvæma og vandasama verkefni s.s. þörf er á og kemur þá m.a. til mismunandi geta þeirra til að gera vel og kannski vilji einnig, ef of naumt verður skammtað við skiptin. Hér þarf því vel að gæta að.

Varðandi sérskólaþáttinn er vandséð hversu sveitarfélög ættu þar að sjá um og hversu sú skipan ætti þá að vera.

Í fyrsta lagi er hér ekki um æskilegt úrræði að ræða í skólamálu og í raun einvörðungu, ef öll önnur ráð hafa verið reynd til þrautar.





Í öðru lagi hlýtur þetta úrræði að vera það sértækt og þá með þarfir íbúa alls landsins í huga að vandséð er hversu með skuli fara öðruvísi en undir umsjón ríkisvaldsins, enda afleitur kostur s.s. áður var vikið að.

Í þriðja lagi er hér um svo sérstæða þjónustu að ræða að hæpið er að henni verði komið við dreift um byggðir landsins og er þá því miður byggt á reynslu.

Að öðru leyti vill Öryrkjabandalag Íslands ítreka þá ósk sína, að því gefist síðar betra og rýmra tækifæri til að tjá sig um þetta viðamikla mál.

Virðingarfyllst,  
f.h. Öryrkjabandalags Íslands,

  
-----  
Helgi Seljan  
félagsmálafulltrúi

  
-----  
Ásgerður Ingimarsdóttir  
framkvæmdastjóri 1